



# Íslenskur vinnumarkaður

---

Erlent launafólk og  
brotastarfsemi á vinnumarkaði

20  
23

## Ávarp forseta

Þær djúpstæðu og um flest kærkomnu breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi á undanliðnum árum birtast hverjum þeim sem kynnir sér þessa nýju skýrslu Alþýðusambands Íslands um vinnumarkaðinn. Skýrslan geymir vandaða greiningu og varpar ljósi á þau snöggu umskipti sem átt hafa sér stað um leið og dregnar eru fram í dagsljósið áskoranir sem þeim fylgja. Skýrslan er því senn upplýsandi fyrir almenning allan og sérlega mikilvæg verkalýðshreyfingunni með tilliti til þeirrar kjara- og réttindabaráttu sem hún heldur uppi í þágu launafólks í landinu.

Vissulega eru þeir til sem telja mikla fjölgun innflytjenda ekki æskilega en yfirgnæfandi meirihluti landsmanna skynjar þær jákvæðu breytingar sem fylgt hafa fólksflutningum þessum. Ísland hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma og einsleitt þjóðfélag íhaldssemi og kyrrstöðu er á hröðu undanhaldi fyrir þeim krafti og sköpun sem fjölbreytileikanum fylgir.

Hitt er rétt, að yfirvöld hafa ekki staðið undir þeirri ábyrgð sem þau hafa tekið sér hvað varðar í senn stjórn á og viðbrögð gagnvart gríðarlegri fjölgun innflytjenda og ferðafólks sem til landsins kemur. Kunnara er en frá þurfi að segja að flestir innviðir landsins voru og eru ekki undir þetta álag búnir. Hrikalegur húsnæðisvandi er aðeins ein birtingarmynd þessa en stjórnvöldum virðist um megn að finna á honum lausn og er ljóst að verkalýðshreyfingin verður að koma þar til hjálpar.

Skýrslan sýnir að víða er pottur brotinn þegar athygli er beint að stöðu innflytjenda á vinnumarkaði. Í því efni skal því haldið til haga að erlenda launafólkið er hingað til lands komið til að uppfylla þörf atvinnulífsins fyrir vinnuafli. Líkt og alkunna er á þetta einkum við um ferðapjónustu og byggingariðnað og ýmsar afleiddar greinar. Hagkerfið getur ekki án þessa fólks verið.

Skýrslan leiðir í ljós tvískiptingu vinnumarkaðar á Íslandi sem er áhyggjuefni og kallar á viðbrögð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá átta aðildarfélögum Alþýðusambandsins var rúmlega helmingur launakrafna í fyrra gerður fyrir félagsfólk af erlendum uppruna. Á sama tíma var erlent verkafólk um fimmtungur þess fjölda sem var á vinnumarkaði. Í sérgreiningu Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins sem fylgir með skýrslunni kveðast 56% innflytjenda hafa orðið fyrir vinnumarkaðsbrotum á síðustu 12 mánuðum. Alls segjast 37% þátttakenda hafa orðið fyrir slíku misrétti á þessu tímabili. Greining Vörðu leiðir enn fremur í ljós mismunun gagnvart fólki með annan húðlit en hvítan.

Þá er ástæða til að staldra við þær niðurstöður skýrslunnar sem leiða í ljós að ungt fólk er mun líklegra en hinir eldri að verða fyrir brotum á vinnumarkaði. Á þessum vanda verður að taka sérstaklega.



Könnun Vörðu styður við niðurstöðu greiningar á launakröfum stéttarfélaganna og hið sama er að segja um þær upplýsingar sem fram koma í þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um vinnustaðaeftirlit það sem Alþýðusambandið og stéttarfélögin halda úti. Allt ber þetta að sama brunni; íslenskur vinnumarkaður er tvískiptur og samanstendur af heimamönnum og innflytjendum. Síðarnefndi hópurinn stendur mun hallari fæti gagnvart brotum atvinnurekenda á vinnumarkaði. Staða fólks frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er sérlega viðkvæm.

Atvinnurekendur hljóta ekki síður en verkalýðshreyfingin að telja niðurstöður skýrslunnar áhyggjuefni. Góðum rekstrarmönnum er annt um orðspor sitt og því verður, að óreyndu, ekki trúað að forustufólk atvinnurekenda og einstakra greina á borð við ferðaþjónustu og byggingariðnað láti sig heilbrigði vinnumarkaðarins ekki varða. Ég hvet forystufólk í atvinnulífinu til að ganga til samstarfs við verkalýðshreyfinguna um að uppræta þann tvískipta vinnumarkað sem skýrslan leiðir í ljós um leið og það hlýtur að beina sjónum sínum inn á við að þeim sem alvarlegustu brotin fremja og ganga fram af mestri ófyrirleitni. Þá er þess að gæta að brotastarfsemi á borð við launaþjófnað er fallin til að raska samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði. Hagur atvinnurekenda er ekki síður sá að komið verði í veg fyrir brotastarfsemi þeirra sem neita að fylgja reglum og sverta þannig heilu atvinnugreinarnar.

Mikilvægt er að efla enn frekar það góða starf sem unnið er á vettvangi vinnustaðaeftirlits Alþýðusambandsins og stéttarfélaganna. Jafnframt þarf að auka og formgera samstarf vinnustaðaeftirlitsins og nokkurra lykilstofnana; Vinnuálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, lögreglu og skattayfirvalda.

Jafnframt er þörf á því að sátt náist um févítí til að tryggja betur stöðu og réttindi þess launafólks sem verður fyrir launaþjófnaði af hálfu atvinnurekenda. Þar er grunnhugsunin sú að launafólk fái bætur verði það fyrir launaþjófnaði með tilheyrandi óþægindum og tjóni og að sama skapi hafa viðurlög varnaðaráhrif. Bætur eiga að renna til þess sem fyrir brotinu varð en ekki í ríkissjóð.

Með öllu er óásættanlegt að fólk í viðkvæmri stöðu sem vinnur hörðum höndum í nýjum heimkynnum verði fyrir réttindabrotum á borð við að vera beinlínis rænt réttum tekjum sínum. Allir með sæmilega siðvitund hljóta að geta tekið undir þessa staðhæfingu. Krafa verkalýðshreyfingarinnar er skýr; stöðva verður launaþjófnað í landinu.

*Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alþýðusambands Íslands.*

## Formáli

Íslenskur vinnumarkaður hefur síðastliðin ár litast af heimsfaraldri kórónuveiru og innrásar Rússlands í Úkraínu en fyrsta tilfelli Covid-19 var greint hér á landi í febrúar 2020. Ekki leið á löngu þar til fyrstu samkomutakmarkanir tóku gildi, í mars sama ár sem höfðu gífurleg áhrif á daglegt líf fólks og atvinnulífið sömuleiðis. Hlutabótaúrræði stjórnvalda var komið á fót í sama mánuði til að stuðla að áframhaldandi vinnusamböndum. Öllum sóttvarnaraðgerðum var svo aflétt 25. febrúar 2022. Degi fyrr hófst innrás Rússlands í Úkraínu. Íslenskt atvinnulíf varð fyrir miklum áhrifum af þessum hræringum og ýmsar atvinnugreinar urðu fyrir verulegu höggi og atvinnuleysi jókst. Fyrirtæki ráku sig áfram á verulega skertu hlutfalli starfsfólks og neyddust í auknum mæli til að leggja niður starfsemi sína meðan enn önnur urðu gjaldþrota, sem leiddi til starfsloka fjölda fólks.

Í kjölfar þess að síðustu samkomutakmörkunum var aflétt snemma árs 2022 fór líf fólks að færast nær því sem áður var og atvinnulífið tók við sér. Miklar og hraðar breytingar urðu því í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það hægði á fólksfjölgun hér á landi í heimsfaraldrinum en aðfluttu starfsfólki fór fljótlega að fjölga aftur eftir að hann var genginn yfir og hefur aldrei verið fleira en nú.<sup>1</sup> Stríð geisar enn í Úkraínu og hingað leituðu rúmlega tvö þúsund manns frá Úkraínu árið 2022. Flóttafólki frá Venesúela fjölgaði einnig eftir að hafa verið sett á lista þeirra sem rétt eiga á alþjóðlegri vernd hérlendis. Stór hópur flóttafólks starfar nú á íslenskum vinnumarkaði. Full ástæða er til að hafa í huga þær samfélagslegu aðstæður sem uppi voru í aðdraganda og á almanaksárinu 2022 við lestur skýrslunnar.

Markmið þessarar skýrslu er að afla vísbendinga um umfang launþjófnaðar og brota á kjarasamningsbundnum réttindum launafólks á Íslandi. Í henni er sérstök áhersla lögð á að skoða samsetningu fólks á vinnumarkaði og greina umfang brota á vinnumarkaði og gagnvart hvaða hópum þau beinast helst. Til að gefa eins heildræna sýn og unnt er á umfang launþjófnaðar hérlendis er farin sú leið að greina formlegar launakröfur stéttarfélaganna, líta til niðurstaðna úr rannsókn Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins er varðar réttindabrot á vinnumarkaði ásamt því að skoða umfang og eðli vinnustaðaeftirlits ASÍ og stéttarfélaganna. Þá er vinnumarkaðurinn greindur og litið til refsilöggjafar á sviði launþjófnaðar sem og áhrif þess á launafólk. Þannig er tekið mið af fjárhæðum, upplifun launafólks og þeim atvikum sem upp koma í eftirliti.

---

<sup>1</sup> Sjá mynd 2 í kafla 1.

## Meginniðurstöður

Launakröfur vegna launþjófnaðar og kjarasamningsbrota hlaupa á hundruðum milljóna króna ár hvert meðal aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands (ASÍ).

- Átta aðildarfélög ASÍ gerðu 342 launakröfur á árinu 2022 sem námu 250 milljónum króna og miðgildi kröfuupphæðar var 366 þúsund krónur.
- 84 kröfur voru gerðar vegna gjaldþrota og námu þær samtals 156 milljónum króna.
- Rúmlega helmingur launakrafna var gerður fyrir félagsfólk af erlendum uppruna sem var um fimmtungur íslensks vinnumarkaðar árið 2022 og rúmlega fjórðungur af félagsfólki þeirra stéttarfélaganna sem skiluðu kröfum til ASÍ.
- Niðurstöður sérgreiningar á brotastarfsemi á vinnumarkaði frá Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins sem byggir á svörum í febrúar og mars 2023 sýna að tæp 37% svarenda hafa orðið fyrir réttindabroti/-brotum á vinnumarkaði sl. 12 mánuði.
- Í sérgreiningu Vörðu kemur fram að hlutfallslega fleiri innflytjendur hafa orðið fyrir broti/ brotum á síðastliðnum 12 mánuðum, eða 56% innflytjenda.
- Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna fór í 692 heimsóknir á síðasta ári þar sem rætt var við 2.541 einstakling.
- Þrjár tilkynningar voru sendar á lögreglu vegna gruns um mansal.
- Sérstakar áhyggjur eru af stöðu launafólks frá löndum utan EES á íslenskum vinnumarkaði og af samþættingu húsnæðis og atvinnusambands.

## 1. Íslenskur vinnumarkaður og samsetning launafólks

Árið 2022 var slakað á ferðatakmarkunum um heim allan. Í kjölfarið fjölgaði ferðamönnum að nýju eftir heimsfaraldur kórónuveiru og hröð fjölgun þeirra hafði umtalsverð áhrif á vinnumarkaðinn. Vinnuaflseftirspurn jókst hratt þegar takmarkunum vegna heimsfaraldursins var aflétt en samkvæmt viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins taldi rúmlega helmingur fyrirtækja sig búa við skort á starfsfólki árið 2022. Hraður uppgangur ferðaþjónustu og annarra vinnuafsfrekra atvinnugreina á síðustu árum hefur skapað fjölda nýrra starfa sem ómögulegt hefði verið að manna án komu erlends launafólks. Á Íslandi hefur atvinnuleysi almennt verið lítið og atvinnuþátttaka mikil og svigrúm innlends vinnuafls til að bregðast við slíkri þörf því takmarkað. Uppgangi undanfarinna ára hefur því verið svarað með aðflutningi erlends vinnuafls.


**Innflytjandi** er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.

**Erlendur ríkisborgari** er einstaklingur með erlendan ríkisborgararétt

### 1.1 Búferlaflutningar

Á árunum fyrir hrun, 2004 til 2007, fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Íslandi að jafnaði um 3.900 á hverju ári en á hinu mikla uppgangstímabili ferðaþjónustunnar á árunum 2016 til 2019 fjölgaði þeim að jafnaði um tæplega sex þúsund á ári. Á árunum 2020 og 2021 dró úr aðflutningi erlendra ríkisborgara hingað til lands en árið 2020 fjölgaði þeim um tæplega tvö þúsund og um fjögur þúsund árið 2021. Árið 2022 fjölgaði erlendum ríkisborgurum aftur á móti um rúmlega 10 þúsund og hafa aldrei fleiri flutt hingað til lands á einu ári.

## Mynd 1. Aðfluttir umfram brottflutta




Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2022 gætir áhrifa endurreisnar ferðaþjónustu hérlandis í kjölfar heimsfaraldurs en einnig innrásar Rússa í Úkraínu í febrúar. Árið 2022 komu hingað til lands rúmlega tvö þúsund flóttafólks frá Úkraínu. Auk þess kom hingað til lands hópur flóttafólks frá Venesúela, rúmlega 750 manns. Mannfjöldaþróun á Íslandi síðustu ár hefur verið umfram þá sem sést í nágrannaríkjunum eins og sjá má af mynd 2. Þessi þróun er að mestu leyti skýrð af búferlaflutningum hingað til lands.




## Mynd 2. Mannfjöldi, árleg fjölgun (%)



Heimild: OECD

Ef litið er til aldursskiptingar erlendra ríkisborgara sem til landsins fluttu árið 2022 er ljóst að stærstur hluti þeirra var ungt fólk á vinnualdri. Rúmlega helmingur þeirra erlendu ríkisborgara sem fluttu til Íslands á árinu 2022 var á aldersbilinu 20-35 ára. Af aðfluttum á árinu 2022 voru 58% karlar en á árunum 2016 til 2019 voru karlar að jafnaði 62% aðfluttra.

## Mynd 3. Mannfjöldi, erlendir ríkisborgarar og hlutfall þeirra á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands




Ef litið er til mannfjöldatalna má sjá að frá árinu 2016 hefur fjölgun erlendra ríkisborgara verið umfram almenna fjölgun á Íslandi. Á fyrsta ársfjórðungi 2016 voru erlendir ríkisborgarar 8,3% af mannfjölda, tæplega 28 þúsund. Undir lok ársins 2019 voru erlendir ríkisborgarar tæplega 50 þúsund og töldu 13,6% af mannfjölda. Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda á Íslandi var tiltölulega stöðugt á meðan á heimsfaraldri stóð en tók að hækka um mitt ár 2021 og undir lok árs 2022 voru erlendir ríkisborgarar hér á landi orðnir 65 þúsund, tæplega 17% af mannfjölda.

Stærsti einstaki hópur erlendra ríkisborgara á Íslandi árið 2022 voru Pólverjar, um þriðjungur. Árið 2022 voru erlendir ríkisborgarar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) um fjórðungur erlendra ríkisborgara hér á landi.

## 1.2 Atvinnuþátttaka innflytjenda

Alls voru veitt 2.026 ný tímabundin atvinnuleyfi árið 2022, 91% fjölgun milli ára. Vinnumálastofnun hefur umsjón með útgáfu nýrra atvinnuleyfa vegna starfa útlendinga á íslenskum vinnumarkaði en ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi til starfa hér á landi. Mest var aukning í veitingu tímabundinna atvinnuleyfa á grundvelli sérstakra ástæðna, sem nífölduðust á milli árana 2021 og 2022 líkt og sjá má á mynd 3. Að megninu til er aukningin komin til vegna veittra leyfa til fólks frá Úkraínu, en á árinu 2022 þurfti flóttafólk þaðan að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi. Með breytingu á löggjöf um atvinnuleyfi eru þau nú undanskilin slíkri kröfu. Aukning hefur einnig verið í útgáfu sérfræðingaleyfa sem og útgáfu leyfa vegna fjölskyldusameiningar en útgáfur beggja leyfa hafa rúmlega tvöfaldast síðan 2016.


Mynd 4. Ný atvinnuleyfi eftir tegund



Heimild: Vinnumálastofnun

Þátttaka innflytjenda á vinnumarkaði hefur verið umfram þátttöku Íslendinga, líkt og lesa má úr skráargögnum Hagstofu Íslands en þar má finna upplýsingar úr staðgreiðsluskrám sem ná yfir alla þá sem fá staðgreiðsluskyldar tekjur. Í upphafi árs 2016 voru innflytjendur tæplega 13% af öllum starfandi og fjölgaði til loka árs 2019 þegar innflytjendur voru 19,6% af starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Hlutfall innflytjenda af starfandi minnkaði síðan í heimsfaraldri kórónuveiru og má rekja það til þess að þær greinar sem urðu fyrir hvað mestum áhrifum samkomu- og ferðatakmarkana, t.d. ferðaþjónusta og veitingageirinn, eru í miklum mæli mannaðar af erlendu vinnuafli. Árið 2022 var hlutfall innflytjenda af fjölda starfandi að jafnaði 20,7% en var 22% á síðasta ársfjórðungi 2022.

### Mynd 5. Fjöldi starfandi eftir bakgrunni



Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutföll innflytjenda af starfandi eru vel umfram hlutföll erlendra ríkisborgara á Íslandi. Erlendir ríkisborgarar voru tæplega 16% af mannfjölda árið 2022 en tæplega 21% starfandi. Þetta er til marks um að þeir sem hingað koma frá útlöndum séu að jafnaði mjög virkir þátttakendur á vinnumarkaði og stór hluti vinnuafslins. Hafa ber í huga ólíka aldursdreifingu innflytjenda og innlendra, en stærstur hluti þeirra sem hingað koma er fólk á vinnualdri ásamt því að hluti útskýrist af lengri skólagöngu innfæddra, sem þá mælast utan vinnumarkaðar.

Í gögnum Vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands mælist atvinnuþátttaka innflytjenda á árunum 2016-2019 meiri en fólks með íslenskan bakgrunn og sama gildir um hlutfall starfandi. Í skýrslu um atvinnuþátttöku og menntun innflytjenda og flóttafólks á Norðurlöndum sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2019 kom einnig fram að Ísland var það eina meðal

Norðurlandanna þar sem atvinnupátttaka innflytjenda var hlutfallslega meiri en innfæddra<sup>2</sup>. Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands mældist atvinnupátttaka innflytjenda áfram meiri en Íslendinga árin 2020 og 2021, meðan heimsfaraldur gekk yfir, en atvinnuleysi innflytjanda jókst hlutfallslega meira en innfæddra á þessum árum og hlutfallslega voru færri starfandi innflytjendur en fólk með íslenskan bakgrunn. Tölur um atvinnupátttöku innflytjenda fyrir árið 2022 hafa ekki verið birtar.

Í upphafi árs 2022 var atvinnuleysi á Íslandi 5,2% eftir að hafa náð hámarki í 11,6% í upphafi árs 2021, í miðjum heimsfaraldri. Árið 2022 dró hratt úr atvinnuleysi eftir að ferða- og samkomutakmörkunum var aflétt og með komu ferðamanna til landsins. Í lok árs hafði atvinnuleysi lækkað í 3,4% og voru atvinnulausir tæplega 6.900 og erlendir ríkisborgarar tæplega helmingur atvinnulausra. Stærstur hópur atvinnuleitenda var á aldrinum 30-39 ára árið 2022 og á það bæði við um erlenda sem íslenska atvinnuleitendur.


### Mynd 6. Atvinnuleysi og atvinnulausir eftir uppruna



Heimild: Vinnumálastofnun

<sup>2</sup> <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1317928/FULLTEXT01.pdf>

**Mynd 7. Hlutfall og fjöldi erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá**



Heimild: Vinnumálastofnun


Við efnahagshrunið 2008 jókst mikið hlutfur erlendra ríkisborgara af þeim sem voru á atvinnuleysissskrá. Með komu erlends vinnuafls til landsins hefur hlutfur erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá aukist. Í upphafi 2017 voru erlendir ríkisborgarar fimmtungur atvinnulausra, en tæplega helmingur í lok árs 2022.

### 1.3 Staða ólíkra atvinnugreina

Vöxtur ákveðinna atvinnugreina í íslensku efnahagslífi hefur verið með þeim hætti að svo hraður vöxtur hefði verið ómögulegur ef ekki hefði verið fyrir innflytjendur og aðflutning erlends vinnuafls. Sem dæmi má nefna starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustu, sem inniheldur rekstur gististaða og veitingarekstur, farþegaflutninga, bílaleigur og ferðaskrifstofur, en störfum í þessum greinum hefur fjölgað um rúmlega 50% á síðustu 10 árum. Starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hefur fjölgað um 85% á sama tíma.

Ef litið er til þess í hvaða atvinnugreinum erlent launafólk starfar hér á landi, hefur hlutfall innflytjenda í mörgum greinum aukist verulega á nokkrum árum. Aðallega eru það áðurnefndar vaxtargreinar, en þar er hlutfall erlends launafólks langt umfram hlutfall þeirra á vinnumarkaði, þ.e. byggingarstarfsemi, einkennandi greinar ferðapjónustu og flutningar og geymsla. Innflytjendur hafa verið stór hluti starfsfólks í framleiðslu og sjávarútvegi lengur en í áðurnefndum greinum, og hækkar hlutfall innflytjenda í greininni í samræmi við fjölgun innflytjenda á vinnumarkaði.

## Mynd 8. Hlutfall innflytjenda af starfandi eftir atvinnugreinum, árið 2016 og 2022




Heimild: Hagstofa Íslands

Rekstur gististaða og veitingarekstur er hluti af einkennandi greinum ferðaþjónustu og hefur fjöldi aðflutts vinnuafls í greininni aukist úr um tvö þúsund manns á árunum eftir hrun í rúmlega átta þúsund manns á síðasta ári. Hlutfall innflytjenda í gisti- og veitingarekstri var 31% árið 2016 en þeir voru 48% vinnuaflsins í greininni árið 2022. Íslendingum starfandi í greininni fækkaði á sama tímabili. Hlutfall erlends launafólks í einkennandi greinum ferðaþjónustu fór úr 24% árið 2016 í 40% árið 2022.

## Mynd 9. Fjöldi starfandi


Einkennandi greinar ferðaþjónustu og rekstur gististaða og veitingarekstur



Heimild: Hagstofa Íslands

## Mynd 10. Hlutfall innflytjenda af starfandi

Einkennandi greinar ferðapjónustu og rekstur gististaða og veitingarekstur




Heimild: Hagstofa Íslands

Önnur vaxtagrein er leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta, þar sem fjöldi starfandi hefur aukist um hátt í 70% á síðustu 10 árum en á sama tíma hefur fjöldi erlends launafólks í greininni þrefaldast. Undir greinina falla bílaleigur og leiga á tækjum og tólum, s.s. vinnuvélum og -tækjum, en einnig ferðaskrifstofur og aðrar bókunarþjónustur, atvinnumiðlun og þar á meðal starfsmannaleigur, einkarekin öryggisþjónusta og hreingerningapjónusta. Flokkurinn nær því hvort tveggja til ferðapjónustu og byggingageirans sem eru þær greinar þar sem fjölgun starfa hefur verið hvað mest undanfarin ár. Hlutfall erlends launafólks af starfandi í greininni var 47% árið 2022.

## Mynd 11. Fjöldi starfandi


Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta



Heimild: Hagstofa Íslands

## Mynd 12. Hlutfall innflytjenda af starfandi

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð mældist mestur fyrir hrun fjármálakerfisins haustið 2008 og hefur ekki náð sama fjölda síðan. Starfandi í greininni fækkaði um þriðjung frá 2008 til 2009 en vöxtur í mannvirkjagerð helst gjarnan í hendur við stöðu hagsveiflunnar. Á þenslutíma er þannig meira fjárfest í mannvirkjum en þegar að kreppir er geirinn svo aftur útsettari fyrir kólnun. Árið 2008 var hlutfall innflytjenda í greininni 26% en var 31% á síðasta ári og hefur aldrei verið hærra.



## 2. Brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði

Hér á landi eru gerðir ítarlegir kjarasamningar, stéttarfélagsaðild er almenn og réttindi í kjarasamningum tryggð öllum í 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Þessu er fylgt eftir með öflugum og skilvirku eftirliti með rétttri framkvæmd og framfylgni skráðra og óskráðra reglna í vinnurétti. Því eftirliti sinna stéttarfélög fyrst og fremst með sterku vinnustaðaeftirliti, aðstoð við félagsfólk í formi upplýsingagjafar og gerð launakrafna fyrir þess hönd, sem allt veitir aðhald með vinnumarkaði. Auk þess sinna Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun eftirliti í sérgreindum málaflokkum, svo sem á grundvelli laga um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007, laga um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Slíkt eftirlit er nauðsynlegt til að vinna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sem grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og skaðar launafólk og samfélagið allt á ári hverju. Þrátt fyrir umfangsmikið eftirlit með kjörum og réttindum launafólks má ætla að aðeins brot af raunverulegri brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði komi á borð stéttarfélaganna og stjórnvalla ríkisins.

Brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði er í eðli sínu vanefndir og/eða brot á skráðum og óskráðum reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og í vinnusambandi annars vegar atvinnurekenda og hins vegar launafólks. Getur það m.a. náð yfir brot á réttindum, skyldum og öðrum kjörum samkvæmt kjarasamningi, lögum og ráðningarsamningi. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Þegar skoðað er hvort aðili stundi brotastarfsemi, er þarft að skoða huglæga afstöðu hans. Ekki er útilokað að lágsta stig gáleysis geti orðið grundvöllur að brotastarfsemi, svo sem yfirsjón eða mistök. Enginn vafi er þó á að vítavert gáleysi og ásetningur er grundvöllur slíks, sem leiðir af sér fjárhagslegt tjón og getur myndað frekari skaðabótaábyrgð.

Atvinnurekendur hafa yfirburðarstöðu gagnvart launafólki og ber þeim að beita stjórnunarrétti sínum á réttan og faglegan hátt og greiða rétt laun. Mannleg mistök eru óumflýjanleg, en það er þó ekki hægt að fela sig á bakvið slíkt með því að viðhalda vanþekkingu á reglum og samningsskilmálum og óvönduðum vinnubrögðum. Atvinnurekendur verða að fara með stöðu sína og vald af kostgæfni.

### 2.1 Hugtakið *launabjófnaður*

Á undanförunum árum hefur hugtakið *launabjófnaður* rutt sér til rúms í almennri umræðu. Áður hefur verið fjallað um launabjófnað í skýrslu ASÍ frá 2019 og er launabjófnaður skilgreindur svo: „Þegar atvinnurekandi virðir ekki þau réttindi sem launamaður á skv. lögum. Atvinnurekandi sem

*með ásetningi eða vítaverðu gáleysi virðir ekki lágmarksrétt launafólks tekur til sín fé og/eða réttindi sem launafólk hefur aflað sér með vinnu sinni og tilheyrir honum ekki með réttu.“*

Birtingarmyndir launþjófnaðar og uppruni hugtaksins verður ekki hér til umfjöllunar, en áður hefur verið gerð ítarleg greining á því í umræddri skýrslu frá árinu 2019. Það skal þó tekið fram að launþjófnaðarhugtakið er ekki nýtt af nálinni en hugtakið er viðurkennt og hefur verið fest í sessi í umfjöllun um kjör og stöðu launafólks á heimsvísu.

Skilgreiningin vísar til skaðabótaábyrgðar, auk vanefndar í samningssambandi, en er ekki beintengd refsinaemu þjófnaðarbroti hegningarlaga, nr. 19/1940, þrátt fyrir hugtakanotkunina. Að hluta til er þjófnaðarhugtakið vísun í huglæga og siðferðislega afstöðu geranda og upplifun launafólks sem þolenda launþjófnaðar. Fjármunir eru í höndum atvinnurekenda og til þess að launafólk geti sótt það sem er þeirra með réttu þurfa þau oft að endingu að leita til fjár- og tímafrekra réttarúrræða. Í gegnum félagsgjöld og félagsaðild launafólks að stéttarfélögum nýtur launafólk alla jafna aðstoðar félagsins til að standa straum af kostnaði sem af málarekstri getur hlotist. Fjárhagsleg áhætta hvílir því oft á stéttarfélögum sem eru í eigu félagsfólks og stendur því launafólk sjálf undir kostnaði, en í krafti fjöldans.

Þrátt fyrir að hugtakið „launþjófnaður“ vísi ekki beinlínis til hegningarlaga er ekki útilokað að atvik sem verða í vinnusambandi geti leitt til brota á XXVI. kafla (auðgunarbrot) laganna. Lítið sem ekkert hefur reynt á slíka heimfærslu í réttarframkvæmd. Í ljósi þess hve margslungin og ólík brot á skráðum og óskráðum reglum vinnuréttarins geta átt sér stað, enda um að ræða samningssamband sem beinlínis gerir út á persónur og leikendur, reynist erfitt að staðreyna slíkt með einföldum hætti. Almennt er það þó svo að vangreidd laun vegna brota á reglum vinnuréttarins er ekki hægt að heimfæra undir framangreindar reglur, þó með undantekningum. Verður hér aðeins stiklað á stóru hvað hvert brot varðar, en að öðru leyti vísast til umfjöllunar fræðimanna á sviði refsiréttar.

Þau brot sem hér verða til umfjöllunar úr auðgunarkafli hegningarlaga eru þjófnaðarbrot (244. gr.), gripdeild (245. gr.) og fjárdráttur (247. gr.). Það sem brotin eiga sameiginlegt er að þau hafi verið framin í auðgunarskyni, sbr. 243. gr. laganna. Þá þarf að liggja fyrir ásetningur, en samkvæmt 18. gr. laganna er aðeins heimilt að ákvarða refsingu vegna gáleysisbrots ef slíkt kemur sérstaklega fram. Enga slíka heimild er að finna í framangreindum brotum. Auk þess fylgja hverri grein aukin skilyrði til að hægt sé að heimfæra athöfn undir hverja grein og ákvarða refsingu. Má þar nefna vörslusviptingu eigna sem helst er til fundið í þjófnaðar- og gripdeildarbrotum. Önnur ákvæði kveða ekki á um vörslusviptingu, heldur ólögsmæta tileinkun eða ráðstöfun þar sem hinn brotlegi hefur oftast sjálfur vörsluna á fjármunum. Stofnun slíkrar vörslu getur til komið vegna ýmissa atriða, svo sem á grundvelli samnings sem meðal annars kveður á um vinnuframlag og greiðslu fyrir.<sup>3</sup>

Þjófnaður samkvæmt 244. gr. laganna er það brot sem fyrst kemur til hugar þegar rætt er um launþjófnað. Hugtakið þjófnaður er ekki sérstaklega skilgreint í lögnum en í athugasemdum um 245. gr. frumvarps sem varð að lögum segir að þjófnaður verði að fara fram með leynd. Hefur

<sup>3</sup> Jónatan Þórmundsson, Einkenni auðgunarbrot, birtist í Tímariti lögfræðinga, 4. tbl. 2008, bls. 415.

þjófnaður verið m.a. skilgreindur sem einhliða og ólögmæt taka fjármuna eða orkuforða, sem eru eign annars manns að einhverju leyti eða öllu, með leynd úr vörslum umráðamanns til að slá eign sinni á þá í auðgunarskyni.<sup>4</sup> Um einhliða brot er að ræða sem ekki krefst atbeina brotapolá. Ef lítið er til hefðbundinna vanefnda í vinnusambandi í formi vangreiddra launa má færa rök fyrir því að í ákveðnum tilvikum sé að finna ásetning til auðgunar. Hins vegar er ekki hægt að segja að slíkt sé gert með leynd eða fjármunir teknir úr vörslum umráðamanns. Fjármunir sem í eðli sínu eru vanefndir í kröfuréttarlegu samhengi hafa þannig ekki komist í vörslur launafólks og er ekki um að ræða eiginlega leynd þar sem launafólk hefur alla jafna allar forsendur til þess að þekkja til eða vita af vangreiddum launum sínum.

Gripdeildarhugtakið samkvæmt 245. gr. er í almennu talmáli lítið sem ekkert notað. Lagalegur grundvöllur þess er þó sambærilegur þjófnaðarbroti samkvæmt hegningarlögum en það eina sem aðskilur brotin er leyndin sem þarf til við þjófnaðarbrot. Í almennu talmáli er gripdeild þannig oft sett undir sama hatt og þjófnaður. Vísast í umfjöllun um þjófnaðarbrot hegningarlaga hvað heimfærslu varðar en ljóst er að slíkt reynist einnig ómögulegt í tilfelli vangreiddra launa, þrátt fyrir að ekki er skilyrði að athöfnin eða athafnarleysið sé með leynd. Fjármunir færast þar með ekki úr höndum í tilfelli ó- og vangreiddra launa.

Fjárdrátt samkvæmt 247. gr. laganna er hægt að skilgreina sem einhliða og ólögmæta tileinkun sérgreindra fjárverðmæta eða peninga, sem eru eign annars manns að nokkru leyti eða öllu, en í vörslum hins brotlega sjálfs að einhverju leyti<sup>5</sup>. Erfitt getur reynst að segja til um hvenær brotið telst fullframið ef um til að mynda vanefndir er að ræða. Líkur á endurgreiðslu geta leitt til þess að brot telst ekki fullframið. Það að aðili eigi að halda fjármunum sérgreindum frá sínum eigin en geri ekki og hætta sé á því að fjármunir fari forgörðum eru líkur til sakfellingar fjárdráttar. Má í því samhengi nefna skyldu atvinnurekenda til að halda aðgreindum og skila lögbundnum gjöldum launafólks, svo sem skattagreiðslum og lífeyrissjóðsiðgjöldum. Einhliða tileinkun felur í sér að brotamaðurinn hagnýtir sér á ólögmætan hátt eignarheimildir. Slíkt getur verið gert með langvarandi eða varanlegri nýtingu.<sup>6</sup> Laun sem starfsfólk vinnur fyrir eru í höndum atvinnurekenda og eru þau þar með í vörslum hans. Er vörsluskilyrði laganna því uppfyllt. Í þeim tilvikum þar sem óskýrt er hvort halda eigi fjármunum aðgreindum getur matið reynst erfiðara. Líta þarf til til fjárhagslegra afleiðinga í tilfelli vangreiddra launa. Til að mynda er ekki um að ræða skýra grein fyrir kröfu til þess að halda því fé aðskildu frá öðrum fjármunum atvinnurekenda líkt og með staðgreiðslu og lífeyrissjóðsiðgjöld. Í 1. gr. laga um greiðslu verkkaups, nr. 28/1930 má finna vísan í eignarhald launafólks, en hins vegar er ekki um að ræða skýra skyldu til aðgreiningar. Færa má fyrir því rök að orlofsgreiðslur sem lagðar eru inn á sérstakan orlofsreikning skv. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga, nr. 30/1987 geti skyldað atvinnurekenda til sérstakrar aðgreiningar þegar slíku fé er ekki skilað inn á orlofsreikning, þrátt fyrir að slíkt sé tiltekið á launaseðli, og geti þannig fallið undir 247. gr. hegningarlaga.

<sup>4</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot – og nokkur skyld brot*, bls. 26.

<sup>5</sup> Fjárdráttur, Jónatan Þórmundsson, birtist í *Úlfjót*, 3. tbl. 2007, bls. 539.

<sup>6</sup> Jónatan Þórmundsson, *Einkenni auðgunarbroti*, birtist í *Tímariti lögfræðinga*, 4. tbl. 2008, bls. 416.

Hvað önnur vangreidd laun starfsfólks varðar má setja þau í tvo flokka; laun sem aldrei hafa verið gefin upp og því engin haldbær gögn sem sýna fram á staðgreiðslu, lífeyrissjóðsiðgjöld og önnur lögbundin gjöld og laun sem þegar hafa verið útgefin á launaseðli og staðgreiðsla og önnur lögbundin gjöld þegar reiknuð af og ofan á. Til einföldunar verður hér fjallað um brúttó- og nettólaun. Báðir flokkar eru byggðir á samningi á grundvelli vinnusambands og því uppfylla þeir skilyrði um vörslu meints brotamanns. Sé enginn vafi um tildrög og réttmæti vangreiddra launa er því vörsluskilyrði uppfyllt. Ásetningur um auðgun getur verið til staðar, en slíkt er háð mati í hvert skipti. Um er að ræða fjármuni sem með réttu teljast til eignarheimilda meints brotþola. Síðasta skilyrðið sem þarf að uppfylla er einhliða tileinkun fjármuna. Fjármunabátturinn telst uppfylltur enda skal endurgjald fyrir unna vinnu greitt í gjaldgengum peningum samkvæmt áður nefndum lögum um greiðslu verkkaups. Tileinkunin sætir þó vafa og getur reynst erfið til sönnunar. Færa má fyrir því rök að laun sem þegar hafa verið reiknuð á launaseðli og tilgreind og reiknuð á þau opinber gjöld (nettólaun) sem ekki skila sér að fullu eða einhverju leyti til launafólks, séu þess eðlis að atvinnurekenda hafi borið að halda þeim tilgreindum í fjárhagi sínum og þar með heimfærast brotið undir fjárdrátt. Erfiðara er að sýna fram á fullframningu brots í því tilviki þar sem ekki hefur verið gefinn út launaseðill og greiðslur opinberra gjalda hafa ekki verið reiknaðar af og ofan á laun (brúttó laun). Það getur valdið vafa um raunverulegan og fjárhagslegan ásetning meints geranda og fjárhagslegar afleiðingar. Slíkar vanefndir geta ekki fyrirvaralaust talist auðgunarbrot heldur skiptir máli huglæg afstaða. Líkt og áður hefur komið fram, reynist sönnun um slíkt auðveldari þegar sérgreining er skyld samkvæmt lögum eða öðrum reglum en sönnun og heimfærsla er þó ekki útilokað. Það skal tekið hér fram að umfjöllun þessi á einungis við um vanefndir á grundvelli vinnuréttarins. Önnur tilvik í vinnusambandi geta vissulega leitt til þess að önnur fjármunabrot geti átt við.

Samkvæmt framangreindu á þjófnaðarhugtakið eða gripdeild úr refsilöggjöf ekki sammerkt með þjófnaðarhugtaki launþjófnaðar. Að takmörkuðu leyti á þó hugtakanotkunin við í tilfelli fjárdráttar, þó slíka tilvísun sé ekki að finna í sjálfu hugtakinu. Hugtakanotkun þjófnaðar er þó í daglegu tali talin rýmri en notkun þess í íslenskri löggjöf. Það þýðir ekki að hugtakanotkunin sé röng eða of gildishlaðin, heldur að hún taki í ríkari mæli til upplifunar og áhrifa á fólk. Úrræði launafólks sem verður fyrir launþjófnaði eru afar takmörkuð. Engin dómafordæmi eru fyrir því að atvinnurekandi hafi verið dæmdur fyrir launþjófnaðarbrot sín, að undanskildum brotum á skilum á tekjuskatti. Hagsmunamat laganna virðist ljóst, þ.e. talið er alvarlegra að ganga á eftir ógreiddum sköttum sem skila fjármunum í ríkiskassann, frekar en launþjófnaði sem bein áhrif hefur á launafólk. Fjárdráttur er hluti af allsherjarrétti laga og því í höndum framkvæmda- og dómsvaldsins að framfylgja þeim. Lítil áhugi virðist til staðar, en hreyfingin hefur vísað fjölda mála inn á borð þeirra aðila. Alltof mörg dæmi eru fyrir því að sömu atvinnurekendur og forsvarsmenn komi ítrekað inn á borð stéttarfélaganna. Hægt er að tala um þekktu síbrotamenn á þessum vettvangi. Þrátt fyrir þennan raunveruleika og vitneskju, er leiðin óþarflega greið til áframhaldandi reksturs og brotastarfsemi. Þá eru varnaðaráhrifin afar takmörkuð fyrir þá sem hyggja á eða stunda brotastarfsemi. Verði atvinnurekandi vís að launþjófnaði er honum í flestum tilfellum aðeins skylt að greiða venjubundna vexti, auk dráttarvaxta ef til vanefnda eða bótaábyrgðar kemur. Áhrifin á launafólk eru þó meiri en svo að slíkt dugi til ef brotin eru umfangsmikil og leiðrétting gerð löngu síðar. Það er óþolandi veruleiki launafólks að atvinnurekendur komist upp með slík brot án viðurlaga.

Þrátt fyrir að vinnusamband sé samningssamband í grunninn, er hér um að ræða samband sem hefur ákveðna sérstöðu í ljósi bæði þess aðstöðumunar sem á milli aðila er, svo og að um framfærslu (oft þá einu) fólks er að ræða. Hagsmunirnir eru því miklir og vanefndir geta haft margvísleg og alvarleg áhrif á fólk. Auk þess grefur launþjófnaður undan gerðum kjarasamningum og lögum um vinnurétt og hefur víðtæk áhrif á samfélagið, t.d. í formi tapaðra skatttekna og ýtir undir undirboð sem skekkir íslenskan samkeppnismarkað. Atvinnurekendur lifa við sífellda undirboðun sem gerir þeim erfitt fyrir og því er ljóst að atvinnurekendur og launafólk þurfa áfram að standa þétt saman gegn þessum ósóma sem þrífst enn í nútímasamfélagi. Þetta er ekki einkamál verkalýðshreyfingarinnar og launafólks. Það er hagur allra landsmanna að berjast gegn brotum á vinnumarkaði.

Þrátt fyrir að launþjófnaður falli aðeins af afar takmörkuðu leyti undir refsilöggjöf, þarf ekki þar við að sitja. Lögum og reglum er ætlað að endurspeglar siðferði og samfélag hvers tíma og eru fyrst og fremst sett til verndar fólki. Þau eru breytileg og háð gagnrýni. Löngu er tímabært að gert verði betur í málaflokknum og hugað að samfélagslegum áhrifum vandans svo og þeim alvarlegu afleiðingum sem þetta hefur á launafólk. Fjármunir hins opinbera eiga ekki að standa framar fjármunum og heilsu fólks. Því ætti það ekki að vera svo að aðeins vanskil á opinberum gjöldum leiði til refsingar á meðan litlar sem engar refsingar eru vegna tapaðra launa vinnandi fólks. Það er afdráttarlaus krafa verkalýðshreyfingarinnar að launþjófnaður sæti viðurlögum í formi févítis til að tryggja launafólk landsins svo og gerða kjarasamninga.

### 3. Greining á launakröfum

ASÍ leitaði til aðildarféлага sinna um upplýsingar um launakröfur sem félögin settu fram fyrir hönd síns félagsfólks á árinu 2022. Félögin sem ASÍ bárust upplýsingar um launakröfur frá voru VR stéttarfélag, Efling-stéttarfélag, aðildarfélög Rafiðnaðarsambands Íslands, Byggið, Félag vélstjóra og málmtækimanna (VM), Matvís, Verkalýðsfélag Snæfellinga og Bárán á Selfossi.

Dreifing félagssvæða þeirra félaga sem tóku þátt í könnun þessari er góð. Félögin hafa félagssvæði sem nær yfir allt landið. Mikilvægt er að ná landlægu viðmiði, en þó er munur á starfsgreinum í því samhengi. Auk þeirra félaga sem teljast til fagfélaga sem ná yfir allt landið, nær könnunin einnig sérstaklega yfir höfuðborgarsvæðið, Vesturland og hluta Suðurlands. Skýrist það fyrst og fremst af félögum innan Starfsgreinasambands Íslands sem tóku þátt. Félögin tilheyra fjórum landssamböndum innan ASÍ, þ.e. Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, Starfsgreinasambandi Íslands, Rafiðnaðarsambandi Íslands, Samiðn auk félaga með beina aðild. Í greiningunni verður stuðst við launakröfur þessara aðildarféлага ASÍ en félagsfólk þeirra var samtals tæplega 65% af félagsfólki ASÍ árið 2022.

Greining á launakröfum ein og sér gefur ekki fulla mynd af brotastarfsemi á vinnumarkaði og er ástæða til að ætla að þær endurspegli eingöngu hluta af raunverulegu umfangi launabjófnaðar. Þótt launakröfur séu afleiðing launabjófnaðar og brota gegn launafólki endurspeglar kröfurnar ekki öll þau brot sem koma á borð stéttarfélaganna og ná að sjálfsögðu ekki utan um þau brot sem af einhverjum ástæðum koma ekki til kasta þeirra.

Margar ástæður geta verið fyrir því að mál verði ekki að formlegum og útsendum launakröfum. Ferillinn er gjarnan þannig að félagsfólk setur sig í samband við stéttarfélag sitt vegna þess að það telur brotið á réttindum sínum. Hvert mál er tekið til skoðunar af sérfræðingum stéttarfélaganna í framhaldinu sem meta hvort grundvöllur sé til frekari aðgerða. Fyrst og fremst meta sérfræðingar þau gögn og vitni sem til staðar eru, svo sem launaseðlar, ráðningarsamningur, tímasamningar og annað sem getur skipt máli. Séu nægjanleg gögn til staðar og félagsfólk óskar þess er málið sett í ferli hjá stéttarfélaginu. Oft dugar ábending frá stéttarfélaginu til atvinnurekandans til þess að félagsfólk fái lausn sinna mála. Dugi slíkar ábendingar ekki til þess að félagsfólk fái greitt úr málum sínum er gerð formleg launakrafa sem fer í framhaldinu í innheimtu verði atvinnurekandi ekki við áskorun um leiðréttingu. Þau gögn sem hér eru greind byggja á slíkum formlegum launakröfum sem í eðli sínu flokkast sem áskorun um leiðréttingu áður en farið er í formlega löginnheimtu.

Launakröfurnar voru allar gerðar árið 2022 en ekki er útilokað að hluti þeirra hafi stofnast fyrr. Ástæður þess geta verið margar en algengt er að launafólk treysti sér ekki til að gera kröfu fyrr en að vinnusambandi loknu vegna ótta um starfsmissi og/eða aðrar mögulegar afleiðingar og því eru kröfur oft gerðar nokkuð seinna en krafan myndaðist. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að nefna að staða launafólks verður sífellt viðkvæmari gagnvart atvinnurekenda og algengt er orðið að launafólk starfi og leigi húsnæði hjá sama aðila. Það eykur enn frekar áhættu þess að setja fram launakröfu í miðju vinnusambandi.

Alls bárust 426 mál, þar af 342 launakröfur en önnur mál mátti rekja til gjaldþrota. Kröfur tengdar gjaldþrotum voru alls 84 talsins og útskýrðu um 38% af heildarfjárhæð þeirra mála sem bárust ASÍ frá félögunum. Miðgildi krafna tengdum gjaldþrotum var tæplega 1,4 milljónir.

Í meðfylgjandi samantekt er horft fram hjá kröfum sem tengjast gjaldþrotum, en þeim þó gerð sérstök skil hér áður en haldið er áfram.

**Tafla 1. Yfirlit yfir gjaldþrotakröfur aðildafélaga ASÍ**

	Fjöldi
Fjöldi stéttarfélaga á bakvið kröfur	8
Gjaldþrotakröfur	84
Heildarupphæð gjaldþrotakrafna	155.866.596
Meðalkrafa	1.855.555
Miðgildi kröfuupphæðar	1.355.312

Þegar litið er til ársins 2022, verður ekki horft fram hjá því breytta rekstrarumhverfi sem var ríkjandi á árinu og í raun á árinu 2021 sömuleiðis. Í kjölfar heimsfaraldurs breyttust aðstæður og samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif á rekstur og starfsmannahald. Fjöldmörg fyrirtæki glímdu við greiðsluferfiðleika sem leiddi í sumum tilfellum til gjaldþrots. Til þess að ná fram tölum um raunverulegan launaþjófnað, eru gjaldþrotakröfur því teknar út fyrir sviga. Þótt horft sé fram hjá slíkum kröfum í greiningu launakrafna er ekki þar með sagt að innan þeirra séu ekki kröfur sem tilkomnar eru vegna launaþjófnaðar.

Launakröfur við og í kjölfar gjaldþrots geta myndast af þremur ástæðum: vegna greiðsluferfiðleika, vegna launaþjófnaðar og vegna undanfarandi launaþjófnaðar. Með greiðsluferfiðleikum er átt við að fyrirtækið stendur ekki undir skuldbindingum sínum sem leiðir að lokum til gjaldþrots. Hvað varðar lið tvö, launaþjófnað, vísast til ofangreindrar umfjöllunar. Í samhengi launaþjófnaðar er litið til þess að atvinnurekendur hafi haldið eftir launum og leitt fyrirtækið í gjaldþrot vísvitandi eða af stórkostlegu gáleysi og hafi þannig aldrei ætlað sér að greiða þau van- eða ógreiddu laun sem höfðu myndast. Með því síðast upptalda er átt við að fram að gjaldþroti hafi verið viðhafður launaþjófnaður um stund sem ekki var tilkominn vegna greiðsluferfiðleika. Síðar verður fyrirtæki gjaldþrota sem ekki endilega er tilkomið vegna launaþjófnaðar. Er því um að ræða blandað brot, þ.e. að ekki var ásetningur til gjaldþrots, en ásetningur var til staðar um launaþjófnaðinn. Auk alls framangreinds er nauðsynlegt að nefna ástundun kennitölulflakks, en slíkt á helst við í tveimur seinni upptöldum atvikum. Kennitölulflakk er ein af birtingamyndum launaþjófnaðar.

Eins og sést, er umfang krafna í kjölfar gjaldþrots verulegt. Því skal hér haldið til haga að Ábyrgðasjóður launa greiðir samþykktar kröfur skiptastjóra þrotabús. Fjármunirnir skila sér þannig í hendur launafólks, þó seint sé, uppfylli þær ítarleg skilyrði laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003. Sökum nokkuð þröngra skilyrða laganna eru þó fjármunir sem falla utan ábyrgðar og verður launafólk því af hluta van- eða ógreiddra launa sinna. Þá eru áhrifin veruleg fyrir marga, en það geta liðið mánuðir eða ár þangað til sjóðurinn greiðir kröfurnar.



Gagnasafnið sem barst frá stéttarfélagunum innihélt 342 launakröfur. Félögin höfðu góða skráningu og launakröfur voru flokkaðar eftir ólíkum breytum. Yfirlit yfir launakröfurnar má sjá í töflu 2 hér að neðan.

**Tafla 2. Yfirlit yfir launakröfur aðildafélaga ASÍ**

	Fjöldi	Hlutfall
<b>Almennt</b>		
Fjöldi stéttarféлага á bakvið kröfur	8	
Fjöldi launakrafna	342	
Heildarupphæð krafna	250.824.509	
Meðalkrafa	733.405	
Miðgildi kröfuupphæðar	366.224	
<b>Kyn</b>		
Karlkyn	203	59%
Kvenkyn	138	40%
Kyn ótilgreint	1	0%
<b>Uppruni</b>		
Ísland	141	41%
EES	180	53%
Utan EES	20	6%
Óflokkað	1	0%
<b>Aldur</b>		
Undir 20 ára	6	2%
20-25 ára	45	13%
26-35 ára	128	37%
36-64 ára	151	44%
65 ára og eldri	12	4%

Launakröfurnar 342 námu samtals tæplega 251 milljón króna en kröfuupphæðirnar í gagnasafninu voru afar breytilegar, allt frá smærri málum tengdum t.d. vangreiddu orlofi eða aksturskostnaði upp í launakröfur sem hlaupa á milljónum króna. Meðalfjárhæð launakrafna var 733.405 kr. og miðgildi

366.224 kr. Miðgildi gefur skýrari mynd af meðalkröfunni í ljósi dreifingar kröfuupphæða. Um fjórðungur alla krafna var lægri en 150 þúsund en fimmtungur allra krafna hljóp á milljónum.

Fleiri launakröfur voru gerðar fyrir hönd karlkyns félagsfólks heldur en kvenkyns. Af 342 launakröfum voru 203 gerðar fyrir hönd karla eða um 59% krafna á móti 138 launakröfum gerðum fyrir hönd kvenna. Það samsvarar nokkurn veginn hlutfalli karlkyns félagsfólks í þeim félögum sem skiluðu launakröfum til ASÍ, þar sem karlmenn voru um 57% félagsfólks árið 2022.

Nokkur munur var á kröfuupphæðum væru þær greindar eftir kyni félagsfólks. Launakröfur sem gerðar voru fyrir hönd karla voru að jafnaði hærri og munurinn rúmlega 300 þúsund krónur að meðaltali.

**Tafla 3. Launakröfur eftir uppruna félagsfólks**

	Fjöldi	Hlutfall af heildarfjölda	Hlutfall af heildarupphæð	Meðalkrafa	Miðgildi krafna
<b>Uppruni</b>					
Ísland	141	41%	44%	783.727	409.344
EES	180	53%	46%	/	/
utan EES	20	6%	10%	/	/
Óflokkað	1	0%	0%	/	/
Erlent launafólk alls	200	58%	56%	700.847	336.955

Launakröfur voru flokkaðar niður eftir uppruna félagsfólks. Hjá félögunum voru fleiri kröfur gerðar fyrir hönd erlends félagsfólks en íslensks, 200 kröfur fyrir hönd erlends félagsfólks en 141 krafa fyrir íslenskt félagsfólk. Kröfur erlends launafólks frá löndum innan EES námu 53% af heildarkröfum en kröfur launafólks frá löndum utan EES, ríkisborgara þriðju ríkja, námu um 6% af heildarkröfum í gagnasafninu. Kröfur ríkisborgara þriðju ríkja nema þó 10% af heildarupphæð launakrafna í gagnasafninu.

Umtalsverður munur er á upphæð launakrafna, séu þær skoðaðar m.t.t. uppruna félagsfólks. Þegar litið er á miðgildi krafna fyrir hönd íslensks launafólks má sjá að það var um 409 þúsund, rúmlega 70 þúsund krónum hærra en miðgildi krafna fyrir hönd erlends launafólks.

Ef launakröfur erlends launafólks eru skoðaðar eftir kyni er ljóst að 64% þeirra eru gerðar fyrir karlkyns félagsmenn og nema þær 73% af heildarupphæð launakrafna erlends launafólks. Rétt er að vekja athygli á hárrí meðalkröfu karlkyns félagsmanna frá löndum utan EES sem nemur tæplega 1,5 milljónum króna.

Rétt er að vekja athygli á háu hlutfalli krafna fyrir hönd erlends launafólks. Þær voru 58% af öllum kröfum sem umrædd félög gerðu á árinu 2022 og námu meira en helmingi fjárhæða. Líkt og fram hefur komið hér að framan voru um 209 þúsund einstaklingar starfandi á íslenskum vinnumarkaði á síðasta ári, þar af rúmlega 20% erlendir ríkisborgarar, eða rúmlega 43 þúsund einstaklingar. Á

heildina litið er vægi erlends félagsfólks meira í þeim félögum sem sendu inn launakröfur til ASÍ heldur en almennt er á vinnumarkaði. Vægi erlends félagsfólks er þó mjög ólíkt eftir þeim félögum sem sendu inn launakröfur til ASÍ. Til að mynda er rúmlega helmingur félagsfólks Eflingar af erlendum uppruna en aðeins 14% af félagsmönnum VR stéttarfélags árið 2022. Af þeim rúmlega 80 þúsund félagsmönnum í þeim félögum sem greiningin nær yfir má áætla að um 27% þeirra séu af erlendum uppruna.

Kröfur vegna erlends launafólks eru því langt umfram vægi hópsins á íslenskum vinnumarkaði sem og í þeim félögum sem sendu inn launakröfur. Rúmlega helmingur krafna er gerður fyrir rúmlega fjórðung félagsfólks, þ.e. félagsfólk af erlendum uppruna.

**Tafla 4. Launakröfur eftir aldri félagsfólks**

	Fjöldi	Hlutfall af heildarfjölda	Hlutfall af heildarupphæð	Miðgildi krafna
<b>Aldur</b>				
Undir 20 ára	6	2%	1%	350.348
20-25 ára	45	13%	7%	367.070
26-35 ára	128	37%	43%	365.378
36-64 ára	151	44%	43%	366.224
65 ára og eldri	12	4%	7%	350.348

Við greiningu launakrafna eftir aldri félagsfólks er ljóst að örfáar kröfur voru gerðar fyrir hönd félagsfólks undir 20 ára aldri sem og félagsfólks 65 ára og eldri, sem saman nema um 6% af heildarfjölda krafna. Fáar kröfur voru sömuleiðis gerðar fyrir félagsfólk á aldrinum 20-25 ára. Rúmlega 80% krafna voru gerðar fyrir félagsfólk í aldursflokkunum 26-35 ára og 36-64 ára. Hlutfall af heildarupphæð hjá hópi félagsfólks á aldrinum 26-35 ára er umfram hlutfall þeirra af heildarfjölda krafna, en 37% af kröfum voru gerðar fyrir þann aldurshóp en kröfurnar námu 43% af heildarupphæðum krafna. Miðgildi krafna er sambærilegt milli hópa.

Kröfur voru skoðaðar eftir atvinnugreinum. Flestar launakröfur voru gerðar fyrir launafólk í heild- og smásöluverslun, viðgerðum á vélknúnum ökutækjum, iðnaði og veitustarfsemi, rekstri gististaða og veitingarekstri sem og framleiðslu en þessar niðurstöður eru að mörgu leyti háðar því hvaða stéttarfélög skiluðu inn kröfum til ASÍ.

## 4. Könnun Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins – helstu niðurstöður

Í febrúar 2023 lagði Varða í þriðja sinn fyrir umfangsmikla könnun meðal launafólks innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB til að m.a. varpa ljósi á fjárhagsstöðu launafólks, stöðu launafólks á húsnæðismarkaði og réttindabrot á vinnumarkaði. Allir þættir eru jafnframt greindir eftir meðal annars kyni, aldri, uppruna og fjölskyldugerð.

Í sérgreiningu sem gerð var sérstaklega fyrir ASÍ og er birt samhliða skýrslu þessari og nálgast má á heimasíðu ASÍ, eru spurningar er varða réttindabrot á vinnumarkaði greindar eftir uppruna, húðlit, aldri, störfum, búsetuformi, búsetu, skertri starfsgetu/fötun, kynhneigð og kynvitund. Í könnuninni var launafólk spurt hvort brotið hafi verið á réttindum þess á vinnumarkaði á síðastliðnum 12 mánuðum, en könnunin var lögð fyrir í febrúar og mars 2023. Um niðurstöðurnar verður fjallað hér í stuttu máli en greininguna má finna í heild sinni í framangreindri sérgreiningu.

### 4.1. Réttindabrot eftir uppruna og húðlit

Samkvæmt greiningunni telja tæplega 37% allra svarenda sig hafa orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði á síðastliðnum 12 mánuðum. Um 29% innfæddra töldu sig hafa orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði en hlutfall innflytjenda var töluvert hærra eða 56,4%.

Hlutfall launafólks sem orðið hefur fyrir réttindabroti á vinnumarkaði er einnig greint eftir húðlit, annarsvegar hvítum húðlit og hins vegar öðrum húðlit en hvítum. Niðurstöður sýna að mun hærra hlutfall þeirra sem eru með annan húðlit en hvítan hefur orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði, eða 60% miðað við 36% þeirra sem eru með hvítan húðlit. Mikill munur er á stöðu fólks með erlendan bakgrunn eftir húðlit en tæplega 62% fólks með erlendan bakgrunn og annan húðlit en hvítan höfðu orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði samanborið við 41% fólks með erlendan bakgrunn og hvítan húðlit.

### 4.2. Réttindabrot eftir aldri

Þegar hlutfall launafólks sem hefur orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði er greint eftir aldri má sjá að um 70% fólks í yngsta aldurshópi könnunarinnar, 17-20 ára, höfðu orðið fyrir réttindabroti en hlutfallið lækkar með hverjum aldurshópi. Þannig höfðu um 66% fólks 21-23 ára orðið fyrir réttindabroti og 56% fólks 24-27 ára. Brot á vinnumarkaði virðast því algengari því yngri sem fólk er, en þeim fer fækkandi með hærri aldri.

### 4.3. Réttindabrot eftir störfum

Svör voru flokkuð eftir starfsgreinum og úr niðurstöðum má sjá að rúmlega helmingur svarenda í ræstingum, mótuneytum og veitingahúsum hafði orðið fyrir réttindabroti á síðustu 12 mánuðum. Í

könnuninni voru framangreindar starfsgreinar hins vegar jafnframt þær starfsgreinar sem hlutfall innflytjenda var hæst. Þá hafði 45% svarenda í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð annars vegar og ferðaþjónustu og farþegaflutningum hins vegar orðið fyrir réttindabroti á síðustu 12 mánuðum.

#### **4.4. Réttindabrot eftir búsetuformi og búsetu**

Svör voru einnig greind eftir því hvort þátttakendur eru búsettir í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda eða búa við annarskonar aðstæður. Niðurstöðurnar sýna að fólk sem býr í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda verður frekar fyrir brotum á vinnumarkaði. Rúmlega helmingur svarenda í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda hafði orðið fyrir broti á síðustu 12 mánuðum, miðað við 36% launafólks í öðru búsetuformi. Þá sýnir greining svara eftir búsetu einni að brot voru algengust gegn launafólki á Suðurnesjum en um 44% svarenda þar töldu sig hafði orðið fyrir broti á síðastliðnum 12 mánuðum, borið saman við 37% fólks á höfuðborgarsvæðinu og 33% launafólks á landsbyggðinni.

#### **4.5. Réttindabrot eftir fötlun/skertri starfsgetu**

Niðurstöðurnar sýndu að launafólk með fötlun eða skerta starfsgetu var líklegra til að hafa orðið fyrir broti á vinnumarkaði á síðustu 12 mánuðum en aðrir. Rúmlega helmingur launafólks með fötlun eða skerta starfsgetu hafði orðið fyrir broti, samanbórið við 36% launafólks sem hafði fulla starfsgetu.

#### **4.6. Réttindabrot eftir kynhneigð og kynvitund**

Greining svara eftir kynhneigð og kynvitund launafólks sýndi að um 35% gagnkynhneigðra sís svarenda höfðu orðið fyrir broti á vinnumarkaði á síðustu 12 mánuðum samanbórið við rúmlega helming hinsegin svarenda.

## 5. Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna

Vinnustaðaeftirlit byggir á lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Lögin gera fulltrúum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) kleift að fara inn á vinnustaði til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga, ásamt því að kanna hvort starfsfólk beri vinnustaðaskírteini samkvæmt framangreindum lögum.

Í sérstöku samkomulagi milli ASÍ og SA eru skilgreindar þær atvinnugreinar sem heimildir eftirlitsins ná yfir. Eftirlitinu er ætlað að ná til mannaflafrekra greina þar sem hættan á launþjófnaði og undirboðum er talin mikil. Á þeim grundvelli heimsækja eftirlitsfulltrúar byggingarsvæði, veitingastaði, gististaði og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu, svo helstu greinar séu nefndar.

Markmið verkalýðshreyfingarinnar með vinnustaðaeftirliti er fyrst og fremst að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði þar sem réttur launafólks er virtur. Þetta gera eftirlitsfulltrúar með því að ræða við launafólk á vinnustöðum, upplýsa það um réttindi sín, skoða launaseðla, ráðningarsamninga og starfsréttindi eftir atvikum, dreifa upplýsingaefni á mörgum tungumálum og með því að ræða við stjórnendur á vinnustöðum. Þá tilkynna eftirlitsfulltrúar stofnunum ríkisins um brotalamir þegar við á.

Ekki má vanmeta þau áhrif sem virkt vinnustaðaeftirlit hefur með því að auka sýnileika stéttarfélaganna til muna, ekki síst fyrir aðflutt launafólk. Íslensk stéttarfélög hafa nokkra sérstöðu, ekki síst vegna hárrar stéttarfélagsaðildar hér á landi en einnig vegna þeirra styrkja og sjóða sem félagsfólk getur sótt í hjá félögunum. Í heimsóknum á vinnustaði upplýsa eftirlitsfulltrúar launafólk um hlutverk og þjónustu stéttarfélaganna, segja frá styrkjum sem félögin bjóða upp á og hvetja þau til að kynna sér réttindi sín hjá bæði félaginu svo og kjaratengd réttindi. Vinnustaðaeftirlit er því öflugt tól til að ná til erlends launafólks, sem sumt hvert hefur fáar aðrar tengingar inn í íslenskt samfélag.

Reynslan sýnir einnig að það er gjarnan í vinnustaðaeftirliti sem upp kemst um alvarlegustu brotin gegn launafólki, enda eru eftirlitsfulltrúar í lykilstöðu til að koma auga á vísbendingar um misneytingu og mansal á vinnustöðum, þar sem slíkt fyrirfinnst. Hér er lykilatriði að eftirlitið fer fram í nærumhverfi þolandans, enda þekkt að þolendur ofbeldis leita sér ekki alltaf aðstoðar að fyrra bragði og því þarf að bjóða aðstoðina sérstaklega fram.

Á meðan heimsfaraldur kórónuveiru geisaði lágu eftirlitsheimsóknir niðri um lengri tíma, þó með hléum. Eftirlit var brotakernt árin 2020, 2021 og fram á fyrstu mánuði ársins 2022, þangað til hömlum á samkomur var aflétt.

## 5.1. Vinnustaðaeftirlit á árinu 2022

Eftirlitsfulltrúar ASÍ og stéttarfélaganna fóru í 692 heimsóknir á síðasta ári og ræddu við 2.541 einstaklinga í þeim heimsóknum.

Algengustu ágallar sem fram komu í vinnustaðaeftirliti vörðuðu laun og önnur kjör og voru að jafnaði leyst hjá stéttarfélagunum, með samþykki og umboði þess sem óskaði aðstoðar. Þótt tölur skorti um algengi slíkra ágalla fyrir landið allt er óhætt að fullyrða, af reynslu vinnustaðaeftirlitsins og stéttarfélaganna, að ágallar á borð við rangt greidda yfirvinnu, rangt vaktaálag eða skort á skriflegum ráðningarsamningi eru algengir.

Reglulega koma eftirlitsfulltrúar auga á annars konar ágalla, sem ekki varða með beinum hætti launakjör en sem þó snerta mikilvæga hagsmuni launafólks. Þegar eftirlitsfulltrúar koma auga á slíka ágalla, sem opinberum stofnunum er ætlað að framfylgja, eru sendar tilkynningar á viðkomandi stofnun.

Vinnustaðaeftirlitið sendi fjölda ábendinga til Vinnumálastofnunar (VMST) á árinu sem vörðuðu starfsmannaleigur, útsent starfsfólk eða ríkisborgara landa utan EES sem starfa hér á sérstöku atvinnuleyfi sem stofnunin gefur út. Samkvæmt lögum hefur VMST sérstakt eftirlit með þessum hópum á vinnumarkaði og þar er því vikið frá meginreglunni um að vörslumenn heilbrigðs vinnumarkaðar séu aðilar vinnumarkaðarins. Um er að ræða hópa sem eru taldir sérstaklega berskjaldaðir á vinnumarkaði eða starfa á sérstökum leyfum á íslenskum vinnumarkaði. Eftirlitsfulltrúar fóru jafnframt í nokkrar sameiginlegar heimsóknir með fulltrúum stofnunarinnar.

Vinnustaðaeftirlitið sendi einnig fjölda tilkynninga til Vinnueftirlits ríkisins (VER) á árinu vegna óörugggra aðstæðna á vinnustöðum. Ábendingar vörðuðu til dæmis ranga uppsetningu vinnupalla og starfsfólk sem vann á vélum án tilskilinna leyfa, svo dæmi séu tekin.

Eftirlitsfulltrúar sendu jafnframt ábendingar til skattayfirvalda, heilbrigðiseftirlits og slökkviliðs.

Þar að auki var nokkuð um að eftirlitsfulltrúar kæmu auga á rafræna vöktun sem talið var að uppfyllti ekki skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og varðaði óþarfa eftirlit með starfsfólki án málefnalegs tilgangs. Fyrst voru athugasemdir sendar til forsvarsmanna fyrirtækjanna sem um ræðir, en í þeim tilvikum þar sem ekki voru gerðar úrbætur var sérstakt erindi sent til Persónuverndar.

Vinnustaðaeftirlitið sendi þrjár tilkynningar til mansalsteymis lögreglu á árinu, en undir þar sem rökstuddur grunur lék á um að aðstæður starfsfólks væru svo slæmar að það gæti talist til mansals. Málin þrjú vörðuðu fyrirtæki í veitinga- og hótélrekstri og launafólkið frá Evrópu og Asíuríkjum.

Vinnustaðaeftirlit á árinu

2022

692 heimsóknir

2.541 viðmælendur




## 5.2. Ríkisfang viðmælenda í vinnustaðaeftirliti og notkun túlkunar

Meira en helmingur þeirra sem eftirlitsfulltrúar ræddu við á árinu 2022 eru erlendir ríkisborgarar, eða 56%. Hlutfallið er töluvert hærra en hlutfall erlendra ríkisborgara almennt á íslenskum vinnumarkaði, sem var tæplega 21% á árinu 2022. Hærra hlutfall erlendra ríkisborgara í vinnustaðaeftirliti skýrist að hluta til af þeim atvinnugreinum sem eftirlitið nær til, þar á meðal ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og veitingastöðum. Líkt og fram hefur komið hér að framan er hlutfall erlendra ríkisborgara í þessum greinum umfram hlutfall þeirra almennt á vinnumarkaði.

Á eftir íslenskum ríkisborgurum, sem námu 44% þeirra sem rætt var við, voru pólskir ríkisborgarar stærsti hópurinn, 20%. Næst kom Litháen (4%), Lettland (4%) og Rúmenía (3%). Önnur ríkisföng voru sjaldgæfari.

Mynd 14. Viðmælendur vinnustaðaeftirlits eftir ríkisfangi



Nokkur fjölgun er á fólki frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) meðal þeirra sem eftirlitsfulltrúar ræddu við. Þannig var sá hópur næstum 9% þeirra sem rætt var við á árinu 2022, miðað við tæp 6% árið 2021.

Til að ná megi tilgangi vinnustaðaeftirlitsins er mikilvægt að ná til sem flests launafólks og ekki síst launafólks með erlent ríkisfang. Því er áhersla lögð á víðtæka tungumálakunnáttu í hópi eftirlitsfulltrúa. Í hópi eftirlitsfulltrúa er töluð pólska, lettneska og rússneska, auk íslensku og ensku. Eftirlitsfulltrúar dreifa auk þess prentuðu efni á mörgum tungumálum í heimsóknum sínum og nota eftir atvikum þýðingabúnað til að eiga samskipti við starfsfólk, þegar kunnátta í sameiginlegu tungumáli er ekki til staðar.

Á árinu 2022 var auk þess farið í fimm heimsóknir með túlk í för. Í öllum fimm tilfellum lá fyrir vitneskja um að á vinnustaðnum væri starfsfólk sem talaði ekkert þeirra tungumála sem eftirlitsfulltrúar töluðu og jafnframt voru vísbendingar um að brotið væri á réttindum starfsfólks. Nærvera túlks reyndist gagnleg í öllum tilvikum, samskipti gengu betur, starfsfólkið var tilbúnara til að ræða við eftirlitsfulltrúa og eftirlitsfulltrúar gátu betur áttað sig á aðstæðum.

### 5.3. Staða borgara frá löndum utan EES á íslenskum vinnumarkaði

Vísbendingar úr vinnustaðaeftirliti á árinu 2022 gefa tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu fólks frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem starfar gjarnan hér á landi á tímabundnum atvinnuleyfum. Alvarlegustu misneytingarmálin sem komu inn á borð vinnustaðaeftirlits ASÍ frá stéttarfélögunum sneru oftast en ekki að einstaklingum með slík leyfi.

Reynsla vinnustaðaeftirlitsins sýnir að einstaklingar sem eiga á hættu að missa atvinnuleyfi sitt og þar með dvalarleyfi ef þeir missa vinnuna eru líklegri til að sætta sig við slæmar aðstæður í vinnu. Fjölmörg atvinnuleyfi eru bundin við sérstaka atvinnurekendur, en ekki t.d. starfsvið. Eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir þann sem hér starfar á slíku atvinnuleyfi að missa ekki starf sitt. Allt lífsviðurværi getur verið undir. Þetta á sérstaklega við um fólk frá ríkjum þar sem efnahagsaðstæður eru slæmar. Þá eru dæmi þess að fólk hafi skuldsett sig í heimalandinu til að komast hingað í vinnu.

Í þeim málum er vörðuðu alvarlega misneytingu fólks frá ríkjum utan EES á árinu hafði atvinnurekandi nánast undantekningarlaust beitt hótunum um brottvísun gagnvart þolendunum. Hótunum var beitt til þess að kúga og tryggja vald yfir einstaklingunum. Þolendur þjuggu því við þann ótta að leituðu þeir réttar síns myndu þeir missa atvinnu- og þar með dvalarleyfi sitt. Þetta á jafnvel við í þeim málum þar sem starfsfólkið hefur dvalarleyfi á öðrum grundvelli en starfi, t.d. Úkraínufólk, þar sem hótunin er innantóm en hefur þó tilætluð áhrif til að hræða fólk.

### 5.4. Samþætting húsnæðis og atvinnu

Ef horft er til alvarlegra misneytingarmála sem komu upp í vinnustaðaeftirliti, eða í kjölfar þess, á síðasta ári, eiga þau það langflesta sameiginlegt að starfsfólk bjó í húsnæði á vegum atvinnurekanda.

Viðvarandi húsnæðisskortur hefur leitt til þess að atvinnurekendur fara í auknum mæli með hlutverk leigusala gagnvart starfsfólki sínu. Slíkt fyrirkomulag hefur lengi verið algengt til dæmis í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og hjá starfsmannaleigum. Afar viðkvæm staða getur myndast þegar starfsfólk leigir og starfar hjá sama aðila enda er framfærsla og heimili orðið svo samofið að erfitt getur verið fyrir einstaklinginn að greina á milli. Í raun er það svo að ráðningar- og húsaleigusamband eru tvönn samningssambönd sem eru fullkomlega aðskilin og um þau gilda

ólíkar reglur. Réttur leigjanda er óháður atvinnusambandi viðkomandi, þótt reynslan sýni hið gagnstæða.

Raunar er það svo að í húsaleigulögum nr. 36/1994 er starfsfólki sem leigir hjá atvinnurekenda sínum veittur aukinn réttur til leiguloka að eigin frumkvæði við starfslok. Starfsfólk getur sagt upp leigusambandi þá þegar með engum uppsagnarfresti á meðan atvinnurekenda er skylt að veita lögbundinn frest, sbr. 50. gr. húsaleigulaga. Þegar ekki er um að ræða starfslok er atvinnurekanda skylt að hlíta öllum reglum húsaleigulaga, svo sem forgangsrétti leigjanda og öðrum mikilvægum réttindum.

Reynsla stéttarfélaganna er sú að staða fólks sem riftir eða segir upp ráðningarsambandi eða er sagt upp getur hratt orðið mjög slæm ef það býr í húsnæði á vegum atvinnurekanda. Ýmsar aðferðir eru notaðar til að bola fólki úr húsnæði sem það á þó rétt á að dvelja í. Má meðal annars nefna raunveruleg dæmi sem hafa ratað inn á borð ASÍ og stéttarfélaganna þar sem líkamlegum og sálrænum hótunum hefur verið beitt til að tryggja að fólk fari þá þegar úr húsnæði, án lögbundins uppsagnarfrests. Dæmin eru því miður fleiri en ætla mátti og má þar nefna starfsfólk sem hefur verið borið út úr húsnæði meðan það skrapp frá um stund, kom að eigum sínum fyrir utan húsnæðið og búið að skipta um lás, starfsfólk sem var skipað að fara úr húsnæðinu meðan staðið var yfir því sökum þess að það leitaði til stéttarfélags síns svo og starfsfólk sem hefur beinlínis haft áhyggjur af öryggi sínu og sofið með stól fyrir dyrunum.

Þá ganga atvinnurekendur langt til þess að ganga á öll almenn réttindi starfsfólks síns sem leigjendur. Í einu tilviki leigði hóteleigandi starfsfólki sínu hótélherbergi eina nótt í senn til lengri tíma. Enginn leigusamningur var til staðar og atvinnurekandinn ætlaði sér með þessu fyrirkomulagi að komast hjá því að fylgja öllum skyldubundnum lágmarksreglum húsaleigulaga.

## Lokaorð

Í skýrslunni er gerð tilraun til að gera umfangi launabjófnaðar skil með því að nálgast viðfangsefnið frá ólíkum hliðum. Af þeim launakröfum sem bárust við vinnslu skýrslunnar má ætla að launakröfur stéttafélaganna hlaupi á hundruðum milljóna ár hvert, með alvarlegum afleiðingum fyrir afkomu launafólks. Af greiningunni er ljóst að kröfur vegna erlends launafólks voru langt umfram vægi hópsins á íslenskum vinnumarkaði sem og í þeim félögum sem undir greininguna heyra. Kröfur vegna erlends félagsfólks voru meira en helmingur allra launakrafna, þ.e. launakröfur hóps sem nam ekki nema rúmlega fimmtungi íslensks vinnumarkaðar árið 2022. Hlutfall launakrafna vegna erlends félagsfólks og hröð fjölgun starfandi innflytjenda hér á landi, vegna aukinnar vinnuaflseftirspurnar sem að miklu leyti má rekja til vaxtar vinnuafsfrekra atvinnugreina, gefur ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu hópsins á vinnumarkaði.

Greining á launakröfum ein og sér gefur ekki fulla mynd af brotastarfsemi á vinnumarkaði og hægt er að líta á hana sem topp ísjakans. Ætla má að þær endurspegli eingöngu hluta af raunverulegu umfangi launabjófnaðar. Mörg mál eru leyst án þess að þau fari í formlegt kröfufurli og launakröfur ná að sjálfsögðu ekki utan um þau brot sem af einhverjum ástæðum koma ekki til kasta stéttarféлага.

Sérgreining Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins gefur vísbendingar um hverskonar brot þrífast á íslenskum vinnumarkaði og gagnvart hverjum. Sérgreiningin sem byggir á svörum frá febrúar og mars 2023 sýnir að tæp 37% svarenda hafa orðið fyrir réttindabroti/-brotum á vinnumarkaði sl. 12 mánuði. Þar kemur einnig fram að hlutfallslega fleiri innflytjendur hafa orðið fyrir broti/brotum á síðastliðnum 12 mánuðum, alls 56% innflytjenda. Hlutfallslega fleiri ungir svarendur, hinsegin svarendur, svarendur með skerta starfsgetu/fötlun, svarendur með húðlit annan en hvítan og svarendur í húsnæði á vegum atvinnurekenda töldu sig hafa orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði sl. 12 mánuði.

Niðurstöður Vörðu benda til tvískiptingar íslensks vinnumarkaðar og styðja við niðurstöðu greiningar á launakröfum stéttarfélaganna. Ætla má að vandinn sé mun umfangsmeiri hjá jaðarsettum hópum á vinnumarkaði en öðrum. Í því felast jafnframt áskoranir enda eru jaðarsettir hópar síður líklegir til að leita til stéttarféлага og leita réttar síns gagnvart launagreiðenda. Þetta eru hópar sem þekkja síður rétt sinn og eru í einhverjum tilvikum ekki meðvitaðir um að brotið sé á réttindum þeirra.

Á Íslandi er stéttarfélagsaðild almenn og réttindi í kjarasamningum eru tryggð öllum í viðeigandi starfsgrein og/eða landsvæði. Því er fylgt eftir með öflugu og skilvirku eftirliti og aðstoð í formi eftirlitsheimsókna á vinnustaði, eftirliti trúnaðarfólks sem og aðstoðar í kjaramálum og kröfugerð. Eftirlit og eftirfylgni er nauðsynlegt tól til þess að standa vörð um þau réttindi sem umsamin eru í kjarasamningum og tryggja þannig heilbrigðan vinnumarkað hér á landi. Auk ötuls eftirlits, starfs og þjónustu stéttarféлага er þörf á viðurlögum við launabjófnaði sem og aukinni aðkomu opinberra aðila og atvinnurekenda í baráttunni.